

ÚTBOÐSLÝSING

A/F VAXTABRÉF HS.

SÉRHÆFÐUR SJÓÐUR FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA

A/F REKSTRARAÐILI HF.

DESEMBER 2023

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útboðslýsing þessi er gerð með vísan til 86. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og er tilgangurinn sá að framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að meta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta A/F Vaxtabréfa hs., kt. 451223-9920, („A/F Vaxtabréf“ eða „sjóðurinn“). Sjóðurinn er rekinn af A/F Rekstraraðila hf., kt. 660121-1370, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, („A/F Rekstraraðili“) sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum A/F Vaxtabréfa er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingar þessarar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í útboðslýsingunni.

Útboðslýsingu þessa skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu A/F Rekstraraðila, sjóðsins eða annarra.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar óháðra sérfræðinga við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði, sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini sjóðnum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingu í fjármálagerningum, þ.m.t. hlutdeildarskírteinum sjóðsins, fylgir áhætta. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina lækkað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Bent er á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Útboðslýsing þessi er samin af A/F Rekstraraðila og er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og engu mikilvægu atriði sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Útboðslýsing þessi er ennfremur í fullu samræmi við reglur sjóðsins og þær kröfur sem lög, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli gera til útboðslýsinga. Útboðslýsing þessi er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári og allar breytingar sem kunna að verða á útboðslýsingunni eru sendar á Fjármálaeftirlitið. Hægt er að nálgast þau gögn sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á skrifstofu A/F Rekstraraðila og á heimasíðu A/F Rekstraraðila, www.afrekstraradili.is.

EFNISYFIRLIT

ALMENNT	4
UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN	6
Starfsemi	6
Markmið og fjárfestingarstefna.....	6
Fyrri árangur sjóðsins.....	7
Rekstraraðili sjóðsins.....	7
Starfskjarastefna	8
Hagsmunarárekstrar.....	8
Vörsluaðili.....	9
Söluaðili.....	10
Endurskoðandi	10
Áhætta.....	10
Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina.....	13
Útgáfa, sala og innlausn hlutdeildarskírteina.....	14
Innlausnarvirði	14
Þóknun og kostnaður vegna viðskipta	14
Verðmat eigna.....	14
Skattamál.....	14
Þóknanir og rekstrarkostnaður.....	15
Útvistun verkefna.....	16
Ársreikningur.....	16
Reglur og reglulegar skýrslur.....	16
Breytingar á reglum, samruni og slit.....	17
Viðauki: Reglur sjóðsins	18

ALMENNT

Til nánari glöggvunar eru hér stuttar skilgreiningar og skýringar á orðum og hugtökum sem notuð eru í útboðslýsingu þessari.

- Almennur fjárfestir: Fjárfestir sem ekki er fagfjárfestir, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Fagfjárfestir: Fjárfestir sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 115/2021.
- Fjármálaeftirlitið: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.
- Innlausnarvirði: Innlausnarvirði (einnig kallað gengi) hlutdeildarskírteina sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Gengi eða innlausnarvirði sjóðsins breytist þannig í samræmi við verð-/virðisbreytingar og ávöxtun fjármálagerninga og annarra eigna sem sjóðurinn á hverju sinni.
- Grunnmynt: Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna (ISK).
- Hlutdeildarsjóður: Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem stofnað er til af rekstraraðila með starfsleyfi og í reglum sjóðsins kemur fram að hann sé hlutdeildarsjóður, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Hlutdeildarskírteini: Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í hlutdeildarsjóði eða einstakri deild hans til eigna sjóðsins, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 45/2020.
- Innlausn: Að uppfylltum kröfum laga og reglna sjóðsins þá er sjóðnum á hverjum tíma skylt að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því gengi eða innlausnarvirði sem gildir, eftir þeim reglum sem um innlausn gilda.
- Lágmarkskaup: Lágmarksfjárhæð í viðskiptum með hlutdeildarskírteini sjóðsins er ISK 10.000 að markaðsvirði.
- Markaðssetning: Tilboð eða hvatning til fjárfesta með auglýsingum eða annarri kynningu að frumkvæði rekstraraðila eða fyrir hans hönd um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sérhæfðum sjóði sem hann rekur, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 45/2020.
- Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru eingöngu markaðssett á Íslandi.
- Rekstraraðili: Lögaðili sem rekur einn eða fleiri sérhæfða sjóði með reglubundnum hætti, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 45/2020.
- Rekstraraðili sjóðsins er A/F Rekstraraðili hf., kt. 660121-1370, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („A/F Rekstraraðili“). A/F Rekstraraðili hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til að reka sérhæfða sjóði og markaðssetja þá á Íslandi.

- Sérhæfður sjóður: Sjóður, þ.m.t. sjóðsdeildir, sem veitir viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu með ávinning fjárfesta að markmiði og hefur ekki starfsleyfi sem verðbréfasjóður samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 45/2020.
- Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta er sjóður sem fullnægir þeim skilyrðum sem kveðið er á um í X. kafla laga nr. 45/2020 og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sem slíkur sjóður.
- Sjóðurinn: A/F Vaxtabréf hs., kt. 451223-9920, („A/F Vaxtabréf“ eða „sjóðurinn“).
- Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta, sbr. X. kafla laga nr. 45/2020, og er rekinn sem hlutdeildarsjóður, sbr. IX. kafla sömu laga.
- Sjóðurinn er opinn sjóður, þ.e. opinn til fjárfestingar.
- Sjóðurinn er óskiptur sjóður, þ.e. starfar í einni deild.
- Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. ekki er greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að nýta fjármuni sem hann móttækur vegna eigna sjóðsins til endurfjárfestingar.
- Söluaðilar: A/F Rekstraraðili annast sölu og markaðssetningu sjóðsins. A/F Rekstraraðili hefur samið við Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, („Arctica Finance“) um að vera söluaðili. Nánari upplýsingar um aðra söluaðila má finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila, www.afrekstraradili.is.
- Vörsluaðili: Lögaðili sem uppfyllir kröfur IV. kafla laga nr. 45/2020 til að annast vörslu fjármálagerninga og annarra eigna fyrir sérhæfða sjóði.
- T Plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri, („T Plús“ eða „vörsluaðili“) er vörsluaðili sjóðsins. T Plús hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við ákvæði laga nr. 115/2021.

UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Starfsemi

A/F Vaxtabréf er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta gilda önnur lög og aðrar reglur en gilda um verðbréfasjóði, t.d. varðandi fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn var stofnaður í desember 2023 og starfar í einni deild.

Útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar,¹ ársreikninga, hálfársuppgjör og reglur sjóðsins auk upplýsingablaða má fá á skrifstofu A/F Rekstraraðila að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, www.afrekstraradili.is.

Í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 verður fjárfestum í sjóðnum reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið sjóðsins og aðrar upplýsingar, eftir atvikum sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum tilkynningum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar veitir A/F Rekstraraðili a.m.k. árlega.

Markmið og fjárfestingarstefna

A/F Vaxtabréf er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta. Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins með fjárfestingum í skuldabréfum og kröfum, sem gefin eru út í íslenskum krónum. Til að ná markmiðum sínum hefur sjóðurinn heimildir innan afmarkaðrar fjárfestingarstefnu. Þannig beitir sjóðstjóri sjóðsins virkri eignastýringu við ávöxtun eigna sjóðsins, sem felst í því að greina markaðsaðstæður og yfir- eða undirvigta eignaflokka og verðbréfaflokka við samsetningu eignasafns sjóðsins innan þeirra heimilda sem fjárfestingarstefna hans kveður á um og nýta þannig þau tækifæri sem sem talið er að skili bestu ávöxtun á hverjum tíma.

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, opinberum stofnunum, fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í íslenskum innlánnum fjármálafyrirtækja og öðrum peningamarkaðsgæringum. Með „íslenskum“ er átt við að útgáfan sé í íslenskum krónum (ISK).

¹ Sjá 1. mgr. 86. gr. laga nr. 45/2020, sbr. 56. - 59. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga samkvæmt neðangreindri töflu með tilgreindum vikmörkum (lágmark og hámark) og ákvæði laga nr. 45/2020:

Fjármálagerningar	Lágmark	Hámark
Skuldabréf (íslensk)	100%	100%
Peningamarkaðsgerningar og innlán fjármálafyrirtækja	0%	50%
Sértryggð skuldabréf²	0%	50%
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkissjóðs Íslands	25%	100%
Önnur skráð³ skuldabréf	0%	50%
Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja	0%	30%
Skuldabréf sveitarfélaga og opinberra stofnana og fyrirtækja ⁴	0%	30%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja	0%	20%

Sjóðnum er óheimilt að beita vogun og er ekki heimilt að fjárfesta í afleiðum, hvorki í því skyni að lágmarka áhættu né sem lið í fjárfestingarstefnu.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett fram í reglum sjóðsins, sem eru hluti af útboðslýsingu þessari. Þannig eru í reglunum tilgreindar allar heimildir sjóðsins sem takmarkast við sundurliðun fjárfestinga samkvæmt skilgreindri töflu með tilgreindum vikmörkum (lágmark og hámark). Til viðbótar þeirri fjárfestingarstefnu gilda þær takmarkanir sem settar eru í 89. - 96. gr. laga nr. 45/2020.

Sjóðurinn er ætlaður almennum fjárfestum (einstaklingum og lögaðilum) sem og fagfjárfestum og hentar þeim sem vilja fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa. Sjóðurinn hæfir ekki þeim sem hyggjast taka fé sitt út innan eins til tveggja ára, þar sem nokkrar sveiflur geta orðið á ávöxtun sjóðsins.

Upplýsingar um ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins er að finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila.

Fyrri árangur sjóðsins

Sjóðurinn var stofnaður í desember 2023 og því er ekki hægt að sýna sögulega ávöxtun. Upplýsingar um fyrri árangur og eignasamsetningu sjóðsins verður að finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila, <https://www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir-fyrir-almenna-fjarfesta>. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

Rekstraraðili sjóðsins

A/F Rekstraraðili hf., kt. 660121-1370, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, er rekstraraðili sjóðsins í skilningi laga nr. 45/2020 með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og lýtur eftirliti þess. A/F Rekstraraðili var stofnað í janúar 2021. Útgefið hlutfé þess nemur ISK 59 m og hefur það allt verið greitt með peningum. Félagið er að fullu í eigu Arctica Finance, sem er verðbréfafyrirtæki og starfar samkvæmt starfsleyfi og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

² Samanber lög nr. 11/2008, um sértryggð skuldabréf.

³ Með „skráðum“ er átt við skuldabréf eða víxla sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, eða stefnt er að skráningu innan sex mánaða.

⁴ T.d. Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Byggðastofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Auk A/F Vaxtabréfa rekur A/F Rekstraraðili tvo sérhæfða sjóði, A/F Stillu slhf. og A/F HEIM slhf. A/F Rekstraraðili sinnir eingöngu rekstri sjóða, en hefur ekki með höndum eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf, vörslu eða móttöku eða miðlun fyrir mæla varðandi fjármálagerninga.

A/F Rekstraraðili hefur á að skipa starfsfólki sem hefur sérþekkingu á greiningu fjárfestingakosta og stýringu sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Stjórn A/F Rekstraraðila skipa:

- Bjarni Þ. Bjarnason, kt. 110469-5869, formaður, aðstoðarframkvæmdastjóri Arctica Finance.
- Hannes J. Hafstein, kt. 250571-5859, lögmaður hjá Pacta Lögmönnum ehf.
- Helga Gregor Gunnarsdóttir, kt. 260469-5419, starfsmaður stjórnar Marel hf.

Framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila er Friðrik Magnússon, kt. 141270-4199.

Samkvæmt lögum ber A/F Rekstraraðila að viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, þ.m.t. starfa af heiðarleika, fagmennsku, kostgæfni og sanngirni og starfa með hagsmuni sérhæfðra sjóða sem hann rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020.

Starfskjarastefna

Í samræmi við 21. gr. laga nr. 45/2020 og 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þá hefur stjórn A/F Rekstraraðila samþykkt starfskjarastefnu. Starfskjarastefnan miðar að því að félagið sé samkeppnishæft og eftirsóknarverður kostur fyrir hæft og framúrskarandi starfsfólk, og þar með tryggja framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnunni er ætlað að stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusæknis sem er ekki í samræmi við áhættusnið eða reglur sjóðsins. Áhersla er lögð á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi og við ákvörðun um starfskjör skal m.a. horft til ábyrgðar og starfsreynslu. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi félagsins, að félagið fylgi góðum stjórnarháttum og sýni af sér samfélagslega ábyrgð og gætt sé að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Markmið starfskjarastefnu er jafnframt að hugað sé að orðspori og trúverðugleika félagsins, og að starfað sé í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um rekstraraðila sérhæfðra sjóða á Íslandi.

Starfskjarastefna félagsins er ætlað að taka tillit til hagsmuna viðskiptavina félagsins, með það fyrir augum að tryggja að viðskiptavinir hljóti sanngjarna meðferð og hagsmunir þeirra skaðist ekki vegna starfskjaravenja félagsins, hvort sem til skamms, meðal- eða langs tíma er litið. Starfskjarastefnu félagsins skal útfæra þannig að ekki séu skapaðir hagsmunaárekstrar eða hvatar sem geta valdið því að viðkomandi aðili hyglist eigin hagsmunum eða hagsmunum félagsins sem hefur mögulega í för með sér skaða á hagsmunum viðskiptavinar.

Starfskjarastefna félagsins gildir um alla starfsmenn félagsins og hana má finna í heild sinni á heimasíðu A/F Rekstraraðila, en fjárfestar geta óskað eftir afriti af starfskjarastefnu á pappír án endurgjalds.

Hagsmunarárekstrar

A/F Rekstraraðili hefur samþykkt reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. A/F Rekstraraðila ber að grípa til allra eðlilegra ráðstafana til þess að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra.

Þegar hagsmunárekstrar eru til staðar ber A/F Rekstraraðila að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni sjóða í rekstri hans, og eftir atvikum fjárfesta þeirra, en með því nær A/F Rekstraraðili að greina, stýra, vakta og upplýsa sérhæfða sjóði í rekstri hans, fjárfesta og aðra eftir því sem við á um hagsmunaárekstra til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á hagsmuni þeirra sérhæfðra sjóða og fjárfesta þeirra og til að tryggja sanngjarna meðhöndlun sérhæfðra sjóða í rekstri A/F Rekstraraðila.

Vörsluaðili

T Plús er vörsluaðili sjóðsins, sbr. 32. gr. laga nr. 45/2020. T Plús er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og er sérhæft fyrirtæki á sviði bakvinnsluþjónustu. Um hlutverk og skyldur vörsluaðila er fjallað í IV. kafla laga nr. 45/2020, en meðal skyldna og verkefna vörsluaðilans er eftirfarandi:

- Varðveita alla fjármálagerninga sjóðsins og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum.
- Vakta sjóðstreymi sjóðsins og tryggja sérstaklega að allir fjármunir sem inntir eru af hendi til sjóðsins séu móttæknir og að allir fjármunir sjóðsins séu lagðir inn á reikninga sjóðsins eða, ef við á, inn á reikninga rekstraraðila eða vörsluaðila sjóðsins fyrir hönd sjóðsins.
- Sannreyna eignarhald sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hönd sjóðsins á öðrum eignum sjóðsins og halda skrá yfir þær eignir.
- Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins.
- Tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina útgefinna af sjóðnum sé framkvæmdur samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins.
- Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur sjóðsins.
- Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald greitt sjóðnum innan eðlilegra tímamarka og tekjur sjóðsins séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.
- Halda skrá yfir eignir sjóðsins sem eru í vörslu hjá öðrum aðilum.

Fjallað er um trúnaðarskyldu vörsluaðila, heimildir til útvistunar verkefna vörsluaðila og ábyrgð vörsluaðila í greinum 40 – 44 í lögum nr. 45/2020.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 45/2020 skal vörsluaðili sinna hlutverki sínu af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og óhæði og standa vörð um hagsmuni eigenda sérhæfðs sjóðs.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sérhæfðum sjóði og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útvistunaraðila hans glatast. Vörsluaðili ber þó ekki ábyrgð ef hann getur sýnt fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum, sbr. 1. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 45/2020.

Þá ber vörsluaðili ábyrgð á öðru tjóni en að framan greinir sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sérhæfðum sjóði við framfylgd verkefna sinna, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 45/2020.

Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins skulu vera óháð í störfum sínum. Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sérhæfðs sjóðs, fjárfesta eða rekstraraðila sjóðsins nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 45/2020.

Ekki er hægt að útiloka að hagsmunaárekstrar geti komið upp gagnvart vörsluaðila. A/F Rekstraraðili hefur sett upp stýringar til þess að takmarka hagsmunaárekstra eftir bestu getu hverju sinni. Með vísan til framangreinds er því dregið verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu og virku eftirliti. Ef upp koma hagsmunaárekstrar grípur A/F Rekstraraðili til viðeigandi ráðstafana og skráir þá.

Söluaðili

A/F Rekstraraðili sér um markaðssetningu sjóðsins og þjónustu við fjárfesta, þ.m.t. þá sem óska eftir upplýsingum um sjóðinn í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu og þá sem óska eftir kaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina. A/F Rekstraraðili hefur samið við Arctica Finance um að vera söluaðili sjóðsins. Nánari upplýsingar um söluaðila má finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila, www.afrekstraradili.is.

Endurskoðandi

Endurskoðunarfyrtæki sjóðsins er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Fyrir hönd Deloitte ehf. fer Gunnar Þorvarðarson, kt. 241082-4239, löggiltur endurskoðandi, með endurskoðun sjóðsins.

Áhætta

Almennt

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum. Viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins eru áhættusöm. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf, þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa. Ávöxtun sjóðsins getur sveiflast frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina sjóðsins lækkað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Vakinn er athygli á því að sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir sem getur leitt til þess að meiri áhætta er fólgin í fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum en í verðbréfasjóðum.

Áhættuflokkun

A/F Rekstraraðili hefur áhættuflokkað sjóðinn út frá staðalfráviki sögulegrar ávöxtunar skuldabréfavísitölu sem skiptist jafnt milli NASDAQ OMX Iceland Benchmark Bonds – Heildarvirði⁵ og Skuldabréfavísitölu

⁵ NASDAQ OMX Iceland Benchmark Bonds - Total Amount. Sjá <https://indexes.nasdaqomx.com/Index/Overview/NOMXIBBTA>.

Kviku.⁶ Áhættuflokkunin grundvallast á reglugerðum ESB nr. 2014/1286 og nr. 2021/2268, sem taka á lykilupplýsingaskjöllum fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta. Ávöxtun sjóðs í flokki 1 sveiflast minnst, en ávöxtun sjóðs í flokki 7 sveiflast mest. Flokkunin er birt í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn. Ávöxtun og sveiflur ávöxtunar í fortíð gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um þróunina í framtíðinni og þurfa fjárfestar að hafa það í huga.

Áhætta tengd fjármálagerningum

Fjármálagerningar fela í sér mismunandi áhættu og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér fjárfestingarstefnu sjóðsins áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin. Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og breytingar á efnahagsástandi, innanlands sem og erlendis. Þá kann gildandi löggjöf að vera breytt með þeim hætti að áhrif hafi á starfsemi viðkomandi sjóðs eða verðmæti fjárfestinga.

Áhætta skuldabréfa

Verðmæti skuldabréfa getur lækkað sem og hækkað, en almennt ekki í sama mæli og verðmæti hlutabréfa. Sveiflur í virði skuldabréfa geta þó orðið fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Verðmæti skuldabréfa lækkar ef ávöxtunarkrafa þeirra hækkar. Væntingar um þróun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hafa meðal annars áhrif á verð skuldabréfa. Sveiflur á gengi skuldabréfa geta tengst rekstri útgefanda, þ.e. að virði skuldabréfa sveiflist í takt við nýjar upplýsingar sem tengjast rekstri útgefanda og greiðsluhæfi hans, samkeppnisaðila hans eða viðkomandi atvinnu- eða starfsgrein. Breytingar á efnahagsástandi geta einnig haft áhrif á gengi skuldabréfa sem og náttúruhamfarir. Auk þess geta breytingar á markaðsaðstæðum haft áhrif á gengi skuldabréfa, s.s. væntingar fjárfesta um horfur varðandi rekstur og almennan efnahag, sveiflur í gjaldmiðlum, verðbólguþróun, vaxtaþróun hverju sinni og markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum. Þróun vaxta til lengri tíma hefur einnig áhrif á gengi skuldabréfa og kemur slík þróun oft fram með skýrari hætti í virði skuldabréfa en hlutabréfa. Lánshæfismöt útgefanda skuldabréfa hafa einnig áhrif á gengi skuldabréfa, en slík lánshæfismöt eru almennt tengd greiðsluhæfi, rekstrarhorfum og efnahagsreikningum útgefanda og efnahagshorfum viðkomandi ríkis.

Gengi skuldabréfasjóða er meðal annars háð þróun markaðsvaxta. Þannig falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði ef vextir hækka og skuldabréf með langan meðallíftíma falla meira í verði en skuldabréf með styttri meðallíftíma, miðað við sömu breytingar á ávöxtunarkröfu. Skuldabréf er loforð um endurgreiðslu fjármagns samkvæmt forsendum skuldabréfsins. Fjárfestar skuldabréfa eru lánardrottinnar útgefanda skuldabréfanna. Þeir njóta því ekki velgengni fyrirtækja þegar rekstur og markaðsaðstæður eru hagstæð að sama skapi og hluthafar þeirra, nema um sé að ræða skuldabréf með breytirétti (e. *convertible bonds*), en hafa meiri kröfurétt til útgefanda ef þeir lenda í rekstrar- og/eða greiðsluferfiðleikum. Það getur gerst að skuldari með gott lánshæfismat, sem almennt flokkast sem tryggur skuldari, geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og lendi í greiðsluferfiðleikum.

Aðrir áhættuþættir tengdir fjárfestingu í sjóðnum

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sem hafa þarf í huga áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í sjóðnum og geta aðrir þættir en hér eru upp taldir einnig haft áhrif á gengi sjóðsins.

⁶ Sjá <https://kvika.is/visitolur/kvikaxgovi>.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta fylgir öllum fjármálagerningum og vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir eigendur sjóðsins.

Vaxtaáhætta

Áhætta vegna breytinga á vöxtum. Vaxtabreytingar hafa almennt áhrif á virði skuldabréfa þannig að hækkun á markaðsvöxtum þýða öllu jöfnu lægra verð skuldabréfa og öfugt. Skuldabréf sveiflast þannig í verði vegna breytinga á ávöxunarkröfu til þeirra. Þegar ávöxtunarkrafa hækkar, lækkar verð skuldabréfa. Því lengri sem lánstími skuldabréfa með föstum vöxtum er, þeim mun næmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta.

Útgefandaáhætta/Mótaðilaáhætta

Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga. Útgefandi skuldabréfa getur orðið ófær, tímabundið eða varanlega, um að greiða vexti eða höfuðstól skuldabréfs. Gjaldfærni útgefanda getur breyst eftir almennri efnahagsþróun og/eða vegna breytinga sem tengjast rekstri útgefandans eða atvinnugrein hans, og/eða pólitískum aðstæðum sem hafa í för með sér efnahagslegar afleiðingar. Ef sjóðstreymi versnar hjá útgefanda getur það haft bein áhrif á gengi fjármálagerninga sem hann gefur út. Á sama hátt getur lánshæfismat útgefanda tekið breytingum vegna jákvæðrar og/eða neikvæðrar þróunar í starfsemi útgefanda.

Jafnvel þó að tiltekna tryggingar og skilmálar sé sett fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í virði eða af einhverju ástæðum að þær eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda útgefanda. Getur það leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld.

Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánnum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn getur fjárfest bæði í óbundnum og bundnum innlánnum (stundum nefnt heildsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán) en meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Þá hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í víxlum, skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum geta útgefendur verið aðrir en íslenska ríkið og komi til greiðslufalls þeirra getur sjóðurinn og þá hlutdeildarskírteinhafar orðið fyrir tjóni, t.a.m. í formi tapaðra vaxta þar til ríkisábyrgð eru uppfyllt. Einnig ef íslenska ríkið stendur ekki við skuldbindingar sínar mun það valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni.

Vörslu- og uppgjörshætta

Rekstraraðili sjóðsins felur vörsluaðila vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar tapist vegna gjaldþrots, vanrækslu, svika eða misnotkunar af hálfu vörsluaðila. Sú hætta er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.

Seljanleikaáhætta

Sölutregða á markaði getur hindrað að sjóðurinn geti selt fjármálagerning á markaðsverði. Við slíkar aðstæður kann að vera gegn hagsmunum sjóðsins að selja fjármálagerninginn. Að auki kann kostnaðurinn af viðskiptunum að vera hærri en ella.

Verðbólguáhætta

Þar sem sjóðurinn fjárfestir í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum sem geta verið óverðtryggð, er verðbólguáhætta til staðar í sjóðnum. Sú áhætta skapast af því ef verðbólga til skemmri eða lengri tíma verður hærri en ávöxtun sjóðsins. Þá rýrna eignir sjóðsins að raunvirði. Ytri ástæður á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegur óstöðugleiki eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsins.

Frammistöðuáhætta

Frammistöðuáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem að stýring sjóðsins telst virk og árangur sjóðsins getur verið betri eða verri en viðmiðunarvísitölur á þeim verðbréfamörkuðum sem sjóðurinn fjárfestir á. Sjóðstjóri hefur val um það hvernig hann fjárfestir innan ramma fjárfestingarstefnunnar.

Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa

Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir. Af þeim sökum getur verðmyndun á markaði verið ógegensæ og óvirkari en gerist á stærri mörkuðum. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hefur víðtækari áhrif en annars myndi verða.

Áhætta tengd sjálfbærni

A/F Rekstraraðili hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem birt er á vefsíðu félagsins, www.afrekstraradili.is, þar sem lýst er með hvaða hætti leitast er við að draga úr áhættu tengdri sjálfbærni og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessa stefnu. Samkvæmt henni ber að meta fjárfestingarkosti út frá sjálfbærni og skoða þannig sérstaklega umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti útgefanda. Útgefendur fjármálagerninga sem leggja ekki áherslu á þessa þætti í starfsemi sinni geta verið áhættumeiri til lengdar en útgefendur sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi í rekstri sínum.

Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem láta sjóðnum fjármuni til ávöxtunar fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki nafn og kennitölu eiganda, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Hlutdeildarskírteinin skulu gefin út með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Eigendum hlutdeildarskírteina er því nauðsynlegt að hafa verðbréfareikning hjá reikningsstofnun, sem hefur milligöngu um eignarskráningu rafréfa og er þátttakandi í verðbréfamiðstöð, til að unnt sé að skrá eignarhald þeirra í sjóðnum.

Gagnvart sjóðnum skulu upplýsingar, sem verðbréfamiðstöð veitir um skráða eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum, skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum í sjóðnum og skulu allar greiðslur til eigenda á hverjum tíma, svo og allar tilkynningar, sendast þeim sem skráður er eigandi viðkomandi hlutdeildarskírteina í kerfum verðbréfamiðstöðvar. Allir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eiga sama rétt til eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína í sjóðnum.

Hlutdeildarskírteini veita eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins. Stjórn A/F Rekstraraðila fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins.

Útgáfa, sala og innlausn hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Beiðnir um kaup eða innlausnir, sem berast söluaðila fyrir kl. 13:00, á viðskiptadegi, ber að afgreiða tveimur viðskiptadögum síðar (T+2) og skal notast við innlausnarvirði eða gengi hvers hlutdeildarskírteinis í sjóðnum sem reiknað er miðað við lok þess dags sem beiðni barst. Beiðnir, sem berast eftir þetta tímamark, ber að afgreiða sem þær hafi borist fyrir kl. 13:00 á næsta viðskiptadegi.

Sjóðurinn er á hverjum tíma skuldbundinn til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eiganda á því innlausnarvirði/gengi sem gildir í samræmi við framangreint.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina vegna sérstakra ástæðna og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestunin skal þá vera almenn, taka til allra hlutdeildarskírteina og skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Frestun skal tilkynnt eigendum hlutdeildarskírteina og Fjármálaeftirlitinu þegar í stað, og auglýst opinberlega.

Innlausnarvirði

Innlausnarvirði eða gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunar-kostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina, sbr. 88. gr. laga nr. 45/2020.

Gengi sjóðsins er birt á heimasíðu A/F Rekstraraðila.

Sölupóknun og kostnaður vegna viðskipta

Rekstraraðila og söluaðila í sjóðinn er heimilt við sölu hlutdeildarskírteina sjóðsins að leggja á 0,80% gjald, sem þeim er heimilt að skipta sín í milli.

Söluaðilar sjóðsins kunna að innheimta afgreiðslugjald við sölu og innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins og fer það eftir gjaldskrá viðkomandi söluaðila.

Verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 45/2020, einkum 26. gr. Mat á eignum sérhæfðs sjóðs skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum markaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila sjóðsins, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Skattamál

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og um staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um stað-

greiðslu skatts á fjármagnstekjur. Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

Sérhverjar tekjur af hlutdeildarskírteinum í sjóðnum eru skattlagðar eins og vaxtatekjur samkvæmt 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattaleg meðferð er mismunandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila.

Lögaðilar sem almennt eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt, sbr. t.d. 4. gr. laga nr. 90/2003, eru engu að síður skyldir til að greiða skatt af tekjum af sölu eða öðru framsali hlutdeildarskírteina og er skattur sá innheimtur í staðgreiðslu með 22% skattlutfalli, nema þeir séu sérstaklega undanþegnir staðgreiðslu samkvæmt lögum.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur er bráðabirgðagreiðsla og fer endanlegt uppgjör fram við álagningu opinberra gjalda ár hvert. Staðgreiðsla er ávallt innheimt við innlausn eða framsal hlutdeildarskírteina og kemur afdregin staðgreiðsla til frádráttar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir að tekjuári lýkur.

Rétt er að vekja athygli á því að skattalög geta breyst frá einum tíma til annars og gildandi reglur til dæmis varðandi skattskyldu, skattlutföll, skattleysismörk og/eða ákvörðun skattstofna geta tekið breytingum ef lögum verður breytt. Þá geta ný lög verið sett sem kveða á um nýja skattlagningu á tekjum og eignum. Skattframkvæmd, þar með talið um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, er hagað í samræmi við leiðbeiningar og ákvarðanir ríkisskattstjóra. Ef yfirsattanefnd eða dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að slík framkvæmd hafi reynst röng í einhverjum atriðum, þá fer um leiðréttingar í slíkum tilvikum eftir þeim reglum sem gilda lögum samkvæmt. Fjárfestum er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila um skattalega stöðu sína, svo sem til embættis ríkisskattstjóra, endurskoðenda eða lögfræðinga sem sérhæft hafa sig í skattamálum.

Þóknanir og rekstrarkostnaður

A/F Rekstraraðili á rétt á 0,75% umsýsluþóknun á ársgrundvelli, sem reiknast af virði hreinnar eignar sjóðsins í lok sérhvers dags. Áfallin en ógreidd þóknun er reiknuð inn í gengi sjóðsins og er færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins og gerð upp mánaðarlega. Ef sjóðurinn hefur ekki laust fé til greiðslu þóknunar skal fresta greiðslu hennar þar til lausafjárstaða sjóðsins er nægjanleg. Frestaðar þóknanir skal vaxtareikna með vöxtum á 7 (sjö) daga veðlánnum Seðlabanka Íslands.

Sjóðurinn skal greiða að hámarki 0,15% þóknun á ársgrundvelli af virði hreinnar eignar sjóðsins í lok sérhvers dags fyrir þjónustu vörsluaðila, bókhalds- og uppgjörsþjónustu, hlutaskráningu og rafræna skráningu, útreikning innlausnarvirðis/gengis og umsýslu og uppgjöri viðskipta, reiknað með sama hætti og umsýsluþóknun rekstraraðila sjóðsins. Áfallin en ógreidd þóknun er reiknuð inn í gengi sjóðsins.

Allar aðrar þóknanir og kostnaður en umsýsluþóknun rekstraraðila og þóknun samkvæmt málsgreininni hér á undan eru greiddar af sjóðnum, eftir atvikum með endurgreiðslu til rekstraraðilans, svo sem kostnaður við ytri og innri endurskoðun, lögfræðikostnaður, kostnaður við rafræna útgáfu hlutdeildarskírteina, kostnaður vegna fjármálakerfa eða hugbúnaðar (annarra en eignastýringarkerfis), kostnaður við birtingu útboðslýsinga og annar sérfræðikostnaður og eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins. Árlegur kostnaður vegna framangreindra liða, að undanskildum viðskiptaþóknunum, skal að meðaltali ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur á ársgrundvelli 0,25% af virði hreinnar eignar sjóðsins í lok sérhvers dags yfir það tímabil sem rukkað er fyrir, reiknað með sama hætti og umsýsluþóknun rekstraraðila.

Samkvæmt framangreindu geta þóknarir á ársgrundvelli numið allt að 1,15% af virði hreinnar eignar sjóðsins. Til viðbótar koma viðskiptaþóknarir, samanber næstu málsgrein, og gjald rekstraraðila og söluaðila við sölu hlutdeildarskírteina sjóðsins geta einnig bæst við, samanber það sem að framan greinir.

Viðskiptaþóknarir vegna kaupa og sölu fjármálagerninga eru greiddar af sjóðnum, en slíkar þóknarir nema að jafnaði 0,01-0,10% af markaðsvirði sérhverra viðskipta. Árlegur kostnaður vegna þessa fer eftir veltu sjóðsins yfir árið.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega leiðir til þess að farið verði fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat rekstraraðila til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina sé best borgið með þeim hætti. Skulu eigendur hlutdeildarskírteina upplýstir ef kemur til þess.

Útvistun verkefna

Reglur sjóðsins kveða á um að rekstraraðila sé heimilt að útvista tilteknum lögbundnum verkefnum rekstraraðila, enda sé gætt ákvæða laga nr. 45/2020 og Fjármálaeftirlitinu tilkynnt þar um. Með hliðsjón af þessu hefur A/F Rekstraraðili samið við T Plús um vörslu fjármálagerninga, sjóðaumsýsluuppgjör viðskipta, bókhalds- og uppgjörþjónustu, halda og uppfæra skrár yfir hlutdeildarskírteinishafa með rafrænni skráningu, umsjón með útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og útreikningi innlausnarvirðis/gengis. Lögfræðiþjónustu, regluvörslu og hlutverki ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur verið útvistað til Arctica. Þá hefur innri endurskoðun verið útvistað til BDO ehf. og rekstri upplýsingakerfis útvistað til Origo hf. í gegnum Arctica. Ennfremur hefur launavinnslu verið útvistað til Grófargils ehf. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart sjóðnum eða eigendum hlutdeildarskírteina.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020 hefur útvistun verkefna engin áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart sjóðnum eða eigendum hlutdeildarskírteina. A/F Rekstraraðili getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins, enda uppfylli nýr vörsluaðili kröfur laga.

A/F Rekstraraðili yfirfer þjónustu útvistunaraðila með reglubundnum hætti, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 45/2020.

Bæði Arctica og T Plús hafa sett sér reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum.

Ársreikningur

Endurskoðaður ársreikningur A/F Rekstraraðila og sjóðsins skal vera aðgengilegur eigendum hlutdeildarskírteina eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör sjóðsins skal einnig vera aðgengilegt á heimasíðu A/F Rekstraraðila. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstraraðila sjóðsins skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

Reglur og reglulegar skýrslur

Reglur sjóðsins eru í viðauka við útboðslýsingu þessa og teljast til hluta útboðslýsingar þessarar. Útboðslýsinguna, lykilupplýsingar ásamt öðrum upplýsingum má finna á vefsíðu A/F Rekstraraðila,

www.afrekstraradili.is. Útboðslýsing þessi er að lágmarki yfirfarin og uppfærð árlega. Útboðslýsing þessi, reglur sjóðsins og lykilupplýsingar eru sendar Fjármálaeftirlitinu.

Breytingar á reglum, samruni og slit

Aðeins stjórn A/F Rekstraraðila getur gert breytingar á reglum sjóðsins, þ.m.t. á fjárfestingarstefnu sjóðsins. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins og ákvæðum laga. Breytingar á reglum skulu tilkynntar eigendum hlutdeildarskírteina, nema Fjármálaeftirlitið hafi veitt undanþágu frá því.

Viðauki: Reglur sjóðsins